



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Skipulagsfulltrúi Dalabyggðar
Pórður Már Sigfússon
Miðbraut 11
370 Búðardal

Hólmavík 16. maí 2018.

Á fundi Umhverfis- og skipulagsnefndar Strandabyggðar þann 6. maí 2019 var lagt fram bréf frá skipulagsfulltrúa Dalabyggðar þar sem óskað er eftir umsögn um skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 í landi Hróðnýjarstaða í Dalabyggð samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða endurauglýsingu, en fyrri útgáfa lýsingarinnar var auglýst og send til umsagnar í desember 2017.

Á fundi nefndarinnar var eftirfarandi bókun gerð:
Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur áherslu á að þess verði gætt að framkvæmdin verði í samræmi við gildandi svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018 – 2030. Einnig að með þessari framkvæmd verði ekki skerðing á beitarlandi á þessu sama svæði.

Á fundi sveitarstjórnar Strandabyggðar 14. maí s.l. var bókun Umhverfis- og skipulagsnefndar samþykkt.

Byggingafulltrúi
Strandabyggðar

Gísli Gunnlaugsson